

ICELANDIC ADOPTION SOCIETY



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

TEL.: + 354-1-14280 · P.O.BOX 1377 · 121 REYKJAVÍK · ICELAND

FRÉTTABRÉF

ÚTILEGA

Reykjavík 24. júní 1992

Útilegan verður að þessu sinni haldin dagana 10. til 12. júlí í Árnesi, Árnессýslu um 40 km. frá Selfossi. Á tjaldsvæðinu er heitur pottur á sólpalli, sturtur, heitt og kalt vatn ásamt mataraðstöðu innanhúss.- Góð aðstaða er fyrir börnin, svo sem leiktæki og fótboltavöllur. Ca. 10 mínútna akstur er í sundlaug að Brautarholti. Verslun er á staðnum.

Dagskrá laugardagsins 11. júlí::

Kl. 2: Sameinast í leik og söng með börnunum og er fullorðna fólkið hvatt til að taka þátt.

Kl. 17: Félagið býður börnunum í pylsupartý. Á eftir getur fullorðna fólkið notað glóðina og grillað sinn mat. Ekki eru grill á staðnum svo endilega takið með ykkur grill.

Gaman væri að þeir sem eiga og spila á gítar eða nikku komi með það með sér.

Aðstaða er fyrir 20 manns í svefnþokaplássi í 3 herbergjum og er verð kr. 800.- fyrir mann pr. nótt. Verð fyrir tjald er kr. 1.000.- nóttin.

Stjórnin hefur hugsað sér að hafa ákveðinn tíma á laugardeginum fyrir þá sem vilja spjalla um málin, þurfa einhverjar frekari upplýsingar eða leiðbeiningar sem hægt væri að leysa úr.

Ákveðið hefur verið að skapa svoltla basarstemningu með sölu á ýmsum munum frá Thailandi og Indlandi og er þetta ekki síst hugsað til að koma til móts við þá sem ekki höfðu tækifæri til að koma á fjölskyldufundinn s.l. haust í Reykjavík. Einnig verða seldir bolir á börn og fullorðna með nýju merki félagsins á kr. 1.000.-.

INDLAND

Í lok maí komu loks gleðifréttir frá Chandana Bose í Calcutta. Hún hafði þá fengið leiðréttingu sinna mála hjá ráðuneytinu í Delhi og starfsleyfið hennar var endurnýjað og gildir til maí 1993. Hún sendi okkur pappíra vegna tveggja barna, stúlku og drengs, svo að vonandi fer nú að grynnka á biðlistanum okkar.

RÁÐSTEFNA Í DELHI

28. -30. apríl s.l. hélt Barnaverndarráð Indlands alþjóðlega ráðstefnu um stöðu og velferð indverskra barna og bauð m.a. til hennar öllum þeim erlendu ættleiðingarfélögum sem eru viðurkennd af indverskum stjórnvöldum.

Fyrir okkar hönd sóttu þessa ráðstefnu Ingibjörg Birgisdóttir formaður og Engilbert Valgarðsson en Ingibjörg, sem starfsmaður Flugleiða fékk mjög ódýrar farseðla, sem gerði okkur kleift að halda öllum kostnaði við ferðina í lágmarki. Auk erlendu félaganna sóttu ráðstefnuna fjöldi indverskra félagsráðgjafa og forráðamanna barnaheimila. Að vonum var fyrirferðarmest framlag indverja og áhyggjur þeirra af munaðarlausum og yfirgefnum börnum. Þeirra stefna hefur verið og verður áfram að það sé börnunum fyrir bestu að vera ættleidd innanlands en takist það ekki er næst besti kosturinn að þau séu ættleidd úr landi.

Það kom fram í máli indversku félagsráðgjafanna að það væri mjög nauðsynlegt að efla samstöðu og samband á milli þeirra fjölskyldna sem hafa ættleitt börn, foreldrunum til stuðnings vegna sameiginlegrar reynslu og vegna þeirrar samkenndar sem börnum, sem ekki alast upp hjá kynforeldrum er nauðsynleg..

Í ljósi þeirrar umræðu sem varð um nauðsyn þessa þáttar verður enn ískyggilegri sú þróun sem orðin er í féluginu okkar. Á hverju ári detta æ fleiri af félagaskrá og hagur félagsins þrengist í sama hlutfalli. Það er alveg ljóst og hefur margoft verið sagt, að félagið Íslensk Ættleiðing verður sjálft að afla sambanda erlendis og halda þeim gangandi án stuðnings stjórnvalda hér á landi. Þrátt fyrir ómælda vinnu og óbilandi áhuga þeirra sem sitja í stjórn hverju sinni er það ekki nóg og mjög dapurlegt að sjá félagatalið þynnast á hverju ári vegna þess að fólk ætlar ekki að ættleiða fleiri börn og telur sig þar af leiðandi ekki þurfa neitt á féluginu að halda eða félagið á þeim, nema til að koma á jólaball og e.t.v. útilegu.

Í sánsku fréttablöðunum eru einnig vangaveltur um aukið kynþáttahatur þar í landi. Sá greinarhöfundur, Ingemar Karlsson formaður FFIA, varar við fordóum í garð fólks af öðrum kynþáttum og hvetur alveg sérstaklega alla kjörforeldra til að láta þessi mál til síni taka í stað þess "að sópa þeim undir teppið". Vettvangur fyrir slíka baráttu nefnir hann m.a. foreldrafélög í skólum. Hann nefnir líka baráttu fyrir vináttu sem fram fór í allri Svíþjóð og vakti mikla athygli. Slagorðið var: Ekki snerta vin minn og merki var upprétt hönd.

Sambærileg þessu var vináttuvika í íslenskum skólum á liðnum vetri og tókst afar vel. Við þurfum að hugsa vel um þessi mál og vera tilbúin að taka á þeim, berjast gegn kynþáttafordóum af hverju tagi sem er, hvenær sem er. Höfum áhrif á aðra, látum í okkur heyra, segir Ingemar Karlsson og undir það getum við sjálf sagt flest tekið. Þetta er okkar mál og kemur okkur við.

OPNUNARTÍMI SKRIFSTOFU

Í sumar verður skrifstofan að Laugavegi 28, Reykjavík opin á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til kl. 12.00 og er síminn 91-14280. Símatími er á þriðjudagskvöldum í síma 91-18842.

Lokað verður vegna sumarleyfa frá 13. júlí til 10. ágúst.

Gjaldkeri hvetur alla þá sem enn ekki hafa greitt félagsgjöldin að gera það sem allra fyrst, sérstaklega höfum við orðið vör við að þeir sem fóru til Sri Lanka hafi staðið sig óvenju illa með greiðslur þetta ár.

Að lokum vonumst við til að sjá sem flesta í útilegunni að Árnesi.

Sumarkveðjur

Stjórnin.

OPIÐ HÚS

Þann 14. maí s.l. höfðum við opið hús og var það tilraun af hálfu stjórnar til að fá fólk til að tjá sig um hlutverk félagsins og efla almenna umræðu. Þetta var notalegt kvöld og fjallað var vítt og breitt um stöðu ættleiðinga í heiminum og hvað félagið okkar hefur gert og möguleikana í framtíðinni og óhætt er að segja að þessi tilraun hafi tekist vel.

FRÁ FORMANNI

Það styttist óðum í aðalfundinn okkar í haust og þar með það óumflynlega: "Stjórnarkjör". Félagið okkar er ekki fjölmennt og þar af leiðandi ekki mjög margir sem gefa sig út í stjórnarstörf en endurnýjun er nauðsynleg og best væri ef einn nýr stjórnarmaður kæmi inn á eins til tveggja ára fresti því að ekkert okkar lítur á það sem æviembætti að vera í stjórn Íslenskrar Ættleiðingar. Þetta er mjög gefandi og skemmtilegt starf og okkur öllum skylt og krefst ekki neins annars en áhuga. Hvernig væri nú að hugleiða að taka þátt í starfinu.

MERKI FÉLAGSINS

Lengi hefur staðið til að félagið eignaðist merki til notkunar á bréfsefni og nafnspjöld. Einn helsti hvatamaður að því að slíkt merki varð til er Jóhann Petersen sem fékk Úlfar Valdimarsson auglýsingateiknara til að hanna merki og gerði hann það féluginu að kostnaðarlausu. Jóhann mun síðan sjá um prentun á merkinu.

TIL UMHUGSUNAR

Í fréttabréfum frá Svíum þar sem fjallað er um ættleiðingar koma oft fram mjög athyglisverð atriði sem vert er að hugsa um. Skal hér drepið á nokkur þeirra.

Við megum ekki gleyma uppruna barnanna okkar. Mörg þeirra geta átt í erfiðleikum með sjálfsmyndina þegar þau komast á táningsaaldurinn. Þau eru frábrugðin íslenskum vinum sínum og þau væru útlendingar í eigin landi. Það er þeim holtt og nauðsynlegt að vita að þau eru ekki ein, það eru fleiri eins og þau. Höldum því sambandi við aðra kjörfureldra sem eru í sömu sporum, deilum með þeim og börnunum minningum og þekkingu um land barnanna okkar. - Í þessu sambandi má auðvitað minna á útilegu félagsins. Hún er kjörinn vettvangur -.